

Skálm

Skálmarmar halda ótrauðir áfram að storma um stíga borgarinnar miðviku-dagskvöld kl. 19:30 frá Stjörnugróf 7 og laugardagsmorgna kl. 11 frá Grenilundi í Heiðmörk. Síðsumars gekk Skálmarmarhópurinn nýstikaða gönguleið um Landsveit, þar sem nú er upphafsgönguleið Hellismannaleiðar. Gengið var frá Leirubakka í Landsveit að Skarfanesi, upp með Þjórsá að Þjófafossi og endað að Rjúpnavöllum. Þátttaka var góð, en Fjallgöngusviði Sjóvár var einnig boðið að taka þátt í þessari göngu.



Úr göngu Skálmarmar og Fjallgöngusviðs Sjóvár um nýja Hellismannaleið síðsumars 2011.

Það er ánægjulegt þegar nýtt fólk bætist í hópinn og er skorað á þá sem hafa hugleitt að vera með að drífa sig af stað.

Söngfélag Skaftfellinga

Söngfélag Skaftfellinga hóf upp raust sína þetta haustið þann 13. september kl. 20:00 í Skaftfellingabúð. Æfingar verða sem fyrr á þriðjudagskvöldum í vetur og stjórnandi er Friðrik Vignir Stefánsson. Nýir félagar eru velkomnir í allar raddir og greiða ekki félagsgjald fyrsta misserið. Opið hús er á þriðjudagskvöldum og er söngfólk hvatt til að koma í heimsókn, fá sér kaffisopa og kynna sér starfsemi Söngfélagsins.

Söngfélag Skaftfellinga er blandaður fjórradda kór og eru söngfélagar ættaðir víðsvegar að af landinu, þó langflestir úr Skaftafellssýslum. Fjöldi söngfélaga er nú um það bil 40. Nú er tækifæri fyrir áhugasama að stemma rödd við lag í góðum félagskap á komandi vetri.

Upplýsingar gefur Stjórn Söngfélagsins:
Guðlaugur Jón Ólafsson s: 861 9615
Kolbrún Einarsdóttir s: 618 8761/824 5521
Steinunn Helga Lárusdóttir s: 690 3449
Sveinn Hjörtur Hjartarson s: 824 2309
Unnur S. Alfreðsdóttir s: 848 1533

Stjórn Skaftfellingafélagsins 2011-2012

Skúli Oddsson, formaður	587 1799	864 3415	skuli.oddsson@umh.stjr.is
Anna Sigurðardóttir	564 2210	861 5817	anna@brunabot.is
Edda Sigurðís Oddsdóttir	588 0113	892 4503	edda@skogur.is
Helgi Pálsson	565 4818	899 4818	hpfoss@simnet.is
Svavar M. Sigurjónsson	564 0670	698 9053	svavar@technik.is

Varamenn

Hákon Jón Kristmundsson - Jón Geir Birgisson - Rúnar Þór Guðbrandsson

Netfangasöfnun

Munið að senda inn netföng á skaft@skaft.is

Skaftfellingabúð

Útleiga Skaftfellingabúðar er í umsjón Skúla Oddssonar s. 864 3415.

Fréttabréf

Skaftfellingafélagið í Reykjavík • Laugavegi 178 • 105 Reykjavík • Sími 553 9955

3. tbl. október 2011

Endursendist með upplýsingum um nýtt pósthfang ef viðtakandi er fluttur

Fýlaveisla

Hin árlega og ómissandi fýlaveisla verður í Skaftfellingabúð fyrsta vetrardag,

laugardaginn 22. október 2011

og hefst með borðhaldi kl. 20.
Húsið verður opnað upp úr kl. 19.

Að venju verður borinn fram saltaður fjyll úr Mýrdalnum, veiddur af Sigurjóni Rútssyni og verkaður af Hrefnu og Einari í Prestshúsum, með soðnum Þorisholtsrófum, kartöflum og öðru hefðbundnu meðlæti. Þá verður einnig boðið upp á hangikjöt.

Sögumaður er Hermann Árnason frá Heiði í Mýrdal

Hljómsveitin Granít frá Vík leikur dansmúsík að borðhaldi loknu.



Miðapantanir fyrir 19. október
hjá Hákonni (821 2115) og Helga (899 4818)

Aðgangur kr. 5.000

Athugið að síðast varð uppselt

Bókarkynning

Bókin **Svipast um á söguslóðum** var gefin út af Skruddu síðastliðið sumar.



Í bókinni fjallar höfundur um mannlíf í Vestur-Skaftafells-sýslu á liðnum öldum og kynni sín af lifandi samfélagi fólks á þessu svæði á seinni hluta 20.aldar, fólks sem tók safnaranum í Skógum með hljóðlátri hlýju og skilningi. Hér er um að ræða safn laustengdra þátta á sviði íslenskra þjóðfræða sem allir tengjast safnstarfi höfundar um 60 ára skeið. Bókin sem er 350 bls. er gefin út í til efni af 90 ára afmæli höfundar og 60 ára afmæli Skógasafns.

Félagsvist

Fyrsta spilaköldið í þriggja kvölda keppni sem Skaftfellignafélagið heldur með Rangæingum verður fimmtudaginn 13. október kl. 20:00 í Skaftfellingabúð Laugavegi 178. Síðan verður spilað á tveggja vikna fresti.

Myndakvöld

Fimmtudagskvöldið 17. nóvember kl. 20 í Skaftfellingabúð. Fyrst mun Jón Viðar Sigurðsson jarðfræðingur fjalla um mikla skriðu eða berghlaup sem féll á Morsárjökul árið 2007.



Jón fór á vettvang í maí 2007 til að rannsaka og mæla skriðuhlaupið og hefur síðan fylgst reglulega með ferðalagi og þróun skriðunnar sem hvílir á jöklinum. Skriðan er áhugavert fyrirbæri sem skemmtilegt er að skoða enda er umhverfi Morsárjökuls stórfenglegt. Síðan verða sýndar myndir úr Skaftartungu, aðallega frá Árna í Hrifunesi, bæði ljósmyndir og kvikmyndir. Vigfús Gunnar Gíslason frá Flögu mun kynna myndirnar og jafnvel verða með nýrri myndir frá sama svæði. Aðgangur ókeypis.

Sumarskálmm um Aðalvík 1. – 5. júlí 2011

Átján skálmuðu um Aðalvík á Ströndum dagana 1.-5. júlí, en hópurinn fór í nokkrum bílum til Bolungarvíkur og gisti í Systrablokkinni þar nóttina fyrir brottför til Hornstranda. Aðalvíkin var fyrsta vikin sem við blasti þegar Sædis Ís sigldi austur fyrir Grænuhlíðina út úr Ísafjarðardjúpi. Lent var í fjörinni við Sæból þar sem gestgjafarnir biðu okkar, hjónin Jónína Vala Kristinsdóttir og Gylfi Kristinsson en hópurinn dvaldi hjá þeim í góðu yfirlæti í sumarhúsi sem þau hafa aðgang að, en nokkrir tjölduðu við húsið. Daginn eftir var frábært veður og ákveðið að ráðast í langferð yfir að Látrum og á Straumnesfjall. Lagt var af stað klukkan níu að morgni eftir staðgóðan morgunverð og drjúga nestisgerð. Á leiðinni þarf að gæta sjávarfalla sem var ekki til boga á leiðinni að Látrum. Ekki langt frá Sæbóli þurfti að síga niður Tökin svokölluðu í Hvarfúpnum, en þar þarf koma sér niður allmikili klettabelti með aðstoð keðju og reipis nokkra tugi metra.



Gengið var síðan um stórgrytta fjöru undir Hyrningsgötu yfir í Miðvík og haldið áfram yfir Stakkadalssós, gengið áfram í gullnum fjörusandi allt að Látrum um 15 km leið. Áð var með reglulegu millibili og dáðst að umhverfinu. Þá var gengið upp veginn á Straumnesfjall, en þaðan er mikið útsýni inn í Jökulfirði og Djúp. Skoðaðar voru leyfar af bandarískri ratsjárstöð uppi á háfjallinu. Á bakaleiðinni var okkur boðið í kaffi á Látrum og haldið yfir að Sæbóli á ný eftir kærkomna hvíld. Þá kom í ljós að ósinn var ófær vegna stórstremis, en ákveðið var að biða þar til fjaraði út. Á endanum var krækt fyrir ósinn og farið á ágætu vaði yfir Stakkadalssána við Stakkadal. Kom-ið var fyrir Mannafjall inn í Miðvík á ný um miðnættið. Þá átti eftir að lyfta sér upp Tökin aftur eða síga niður í Posavoginn, vaða hann og strunsa í Hjálmsfríðarból þeirra Jónínu og Gylfa. Allir völdu Posavoginn nema Kjartan sem hífði sig upp en þar sem þá var byrjað að rigna var mjög erfitt að klífa upp.

Vel gekk að fara Posavoginn og það voru þreyttir en sælir göngugarpar sem gerðu kærkomnum kvöldverði matarnefndarinnar skil, með dýrindis eftirrétti. Allir glaðir og alsælir eftir 18 tíma útiveru og 40 km göngu. Næsta dag slökuðu Skálmarar á fram yfir hádegi, en þá tóku menn léttan göngutúr um byggðina á Sæbóli og nutu leiðsagnar Jónínu sem þekkir sögu staðarins vel. Um köldið var grillað lambalæri af bestu gerð með gómsætu meðlæti og auðvitað dásamlegum eftirrétti, en matarnefndin hafði svo sannarlega undirbúið ljúffengar kvöldmáltíðir allan tímann. Á meðan Skálmarar dvöldu í Aðalvík tóku liðtækar konur og karlar í hópnum til hendinni við ýmis verk á Sæbóli og inni á Stað sem er kirkjustaður og Áttahagafélag Sléttuhrepps sér um að halda þar við húsi og kirkju. Við Hjálmsfríðarból var settur fleki til verndar vatnsbólínu sem þurfti að fergja og á Stað var gengið frá drenlögnum við rotþró og var allur hópurinn nýttur í frágang. Þótti þeim Sæbólsbændum mikið til koma verkvit og kraftur Brodda Hilmarssonar sem fékk viðurnefnið „hvalreki“.



Næst síðasta daginn var gengið frá Sæbóli inn að Stað og þaðan sem leið liggur upp á Lækjarfjallið og fram á Darrann að leifum ratsjárstöðvar sem Bretar voru með í seinni heimstyrjöldinni. Síðasta daginn var síðan gengið að Hesteyri þar sem hópurinn gæddi sér á kaffi og pönnukökum við Læknishúsið. Þangað náði bátur frá Vesturferðum í hópinn og skilaði honum í land í Bolungarvík. Þar hvíldu flestir lúin bein í heitu pottunum í sundlauginni og gerðu sig klára fyrir síðustu kvöldmáltíðina í Tjörúhúsinu á Ísafirði, en enginn var svikinn af dýrindis fiskihlaðborði sem staðurinn er víðfrægur fyrir. Loks var haldið til Bolungarvíkur þar sem slegið var upp gleðskap í Systrablokkinni fram á nótt. Daginn eftir héldu menn heim á leið, sælir eftir ógleymanlega ferð á Vestfirði og um friðlandið í Aðalvík.

Aðventustund

Skaftfellingafélagið og Söngfélagið standa fyrir aðventustund
sunnudaginn 4. desember 2011

kl. 15:00 í Skaftfellingabúð, Laugavegi 178.

Söngfélagið syngur nokkur jólalög, bornar verða fram
kaffiveitingar og gengið í kringum jólatré.

Aðgangseyrir kr. 1000